

# Hraunblóm Lavaens blá blomst

## Verkefni fyrir skólaheimsóknir

### Verkefni 1

Finndu verk eftir Carl-Henning Pedersen þar sem stjarna eða stjörnur koma fyrir. Teiknaðu þína eigin mynd þar sem þú setur inn eina eða fleiri stjörnur.

### Verkefni 2

Carl-Henning Pedersen málaði ekki alltaf það sem hann sá heldur það sem hann ímyndaði sér eða dreymdi um. Þó er ein mynd á sýningunni sem hefur íslenskt myndefni. Geturðu fundið hana og teiknað mynd af því sama?

### Verkefni 3

Skoðaðu myndir Svavars Guðnasonar og reyndu að finna GRÍMU eða ANDLIT. Teiknaðu eina þeirra og litaðu. Þú þarft ekki að nota sömu liti og listamaðurinn gerði. Væri ekki gaman að nota sterka liti?

### Verkefni 4

Sigurjón Ólafsson var *myndhöggvari* sem þýddi að hann gerði sín listaverk ekki á pappír eða striga, heldur hjó þau út í stein eða mótaði í leir sem síðan var steipt í gifs eða málm. Hann gerði myndir af GRÍMUM eins og Svavar Guðnason og Carl-Henning Pedersen. Skoðið **Grímuna** hans eða *Fjallkonuna*. Veljið aðra hvora þeirra til að teikna og lita.

### Verkefni 5

Veldu þér mynd úr myndröð Carl-Henning Pedersen með **Heljarhestinn**. Teiknaðu þína eigin mynd af Heljarhestinum og skrifaðu um hana stutta sögu.

### Verkefni 6

Vatnslitamyndir Elsu Alfelt sem hanga uppi í efri salnum eru allar málaðar undir áhrifum íslenskrar náttúru. Þú færð ljósmynd með hluta úr einni þeirra. Reyndu að finna út hvaða mynd það er. Getur þú giskað á hvað Else er að mála (fjall, foss eða himin)? Teiknaðu og litaðu á þinn eigin hátt mynd af því sama.

### Verkefni 7

Lágmyndir Sigurjóns af **Börnum í leik** áttu upphaflega að prýða tómsundahús barna í Kaupmannahöfn, en ekkert varð úr byggingu þess. Sigurjón hugsaði sér að börn ættu að hafa gert verkin. Ímyndaðu þér að Sigurjón hefði átt að skreyta þrefalt lengri vegg. Hann hefði þá fjölgað fígúrunum. Reyndu að teikna þá mynd.

### Verkefni 8

Nokkrir „ismar“ eru mjög greinilegir í myndum á sýningunni. Skoðaðu höggmyndir Sigurjóns og teikningar Carl-Hennings af **Heljarhestinum** og hugleiddu hvar má sjá dæmi um primitivism og surrealisma. Teiknaðu síðan mynd þar sem þú setur þig í spor 5 ára barns eða svo.

### Verkefni með skólavinnu

Hver einstaklingur velji sér lítinn bút (ca. 10×10 cm) úr málverki eftir Carl-Henning Pedersen eða Svavar Guðnason til að stækka nokkuð nákvæmlega á blað í réttum litum. Þegar komið er í skólann er þessi bútur límdur á stærra blað og nemandinn skapar sína eigin mynd út frá þeim búi sem hann valdi.